



Samgöngu- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Nefndarsviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11. febrúar 2008

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nr 116/2006 með síðari breytingum.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Rétt er að geta þess að SAF sendu einnig umsögn um sama frumvarp, án síðari breytinga, þann 15. febrúar 2007. Frístundaveiði fyrir ferðamenn er ung atvinnugrein á Íslandi og getur hún klárlega orðið einn af vaxtarbroddum ferðaþjónustunnar. Til að þessi atvinnugrein geti þróast með eðlilegum hætti verður að passa upp á að hún fái að þrífast á jafnræðisgrundvelli.

Innan ferðaþjónustunnar á Íslandi er frístundaveiði með ýmsum hætti. Fyrst má telja fyrirtæki sem eru með smábáta sem eru leigðir út í nokkra tíma í senn með veiðistöngum ef fólk óskar. Svo eru fyrirtæki sem gera út fiskiskip sem bjóða upp á nokkra tíma ferðir þar sem sjóstöng er eitt af afþreyingunni um borð. Til þessa hafa þessi fyrirtæki verið undanskilin kvóta enda ekki veitt í miklum mæli. Þriðji hópurinn eru fyrirtæki sem hafa þurft að vera með kvóta. Þau fyrirtæki eru með fiskiskip sem leigð eru út til fiskveiða á stöng eingöngu.

Allir þessir hópar nýta þá takmörkuðu auðlind sem fiskurinn er. Með óbreyttu frumvarpi verður ofangreindum þremur hópum gert erfitt fyrir að tryggja rekstrarumhverfi sitt og ekki fyrirséð hvernig rekstur þeirra fer. Fjórði hópurinn virðist hinsvegar undanskilinn þessu frumvarpi. Það eru strandveiðar sem einnig njóta vaxandi vinsælda um allan heim.

Samtök ferðaþjónustunnar telja að rétt sé að huga að jafnræði milli þessara ferðaþjónustuaðila og einnig samkeppnishæfi Íslands við önnur lönd. Samtökin óska þess að nefndarfólk kynni sér rekstrarumhverfi samsvarandi fyrirtækja í Noregi, landi sem Ísland á í beinni samkeppni við. Ef frumvarpið gengur fram að óbreyttu hallar verulega á samkeppnistöðu Íslands.

Samtök ferðaþjónustunnar leggja það til að allar frístundaveiðar, hvort sem um er að ræða ferðamenn eða aðra sem vilja veiða sér til skemmtunar eða í soðið, verði undanþegnar

kvóta upp að ákveðnum kílóafjölda. Þannig fæst jafnræði milli ferðaþjónustuaðila. Þannig fæst líka betri rekstrargrundvöllur fyrir þessa atvinnugrein sem getur skilað miklum gjaldeyristekjum fyrir þjóðarbúið ef vel er að málum staðið.

Samtök ferðaþjónustunnar vilja benda nefndarfólki á starfshóp frá samgönguráðuneyti sem er nú að vinna að heildarendurskoðun laga- og reglugerðarumhverfis frístundabáta. Það er mat samtakanna að vinna ofangreinds starfshóps og nánari skoðun á rekstarumhverfi samkeppnisaðila sem stunda frístundaveiðar í Noregi þurfi að skoða vel áður en þetta frumvarp nær fram að ganga.

Að öðru leyti vísast í gagnleg skoðanaskipti við nefndarmenn á fundi í lok janúar.

Virðingarfyllst

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Eydís Aðalbjörnsdóttir
verkefnisstjóri.